
BÍÓHÖLLIN

SÍMI 78900 – ÁLFABAKKA 8 – BREIÐHOLTI

FRUMSÝNIR STÓRGRÍNMYNDINA

**ALEINN HEIMA**




**STÓRGRÍNMYNDIN „HOME ALONE" ER KOMIN EN MYNDIN HEFUR SLEGIÐ HVERT AÐSÓKNARMETIÐ Á FÆTUR ÖÐRU UNDANFARIÐ Í BANDARÍKJUNUM, OG EINNIG VÍÐA UM EVRÓPU UM JÓLIN. „HOME ALONE" ER EINHVER ÆÐISLEGASTA GRÍNMYND SEM SÉST HEFUR Í LANGAN TÍMA.**

**„HOME ALONE – STÓRGRÍNMYND BÍÓHALLARINNAR"**

Aðalhlutverk: **Macaulay Culkin, Joe Pesci, Daniel Stern, John Heard.**

Framleiðandi: **John Hughes.** Tónlist: **John Williams.**

Leikstjóri: **Chris Columbus.**

**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

**ÞRÍR MENN OG LÍTIL DAMA**



TOM SELLECK STEVE GUTTENBERG TED DANSON

*Three Men and a Little Lady*

**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**



**SAGAN ENDALAUSA 2**

**THE NEVER ENDING STORY II**

**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

WARNER BROS. A TIME WARNER COMPANY

THE LITTLE MERMAID


**LITLA HAFMEYJAN**

**Sýnd kl. 5 og 7.**
**Miðaverð kr. 300.**



**STÓRKOSTLEG STÚLKA**

**PRETTY WOMAN**



**Sýnd 5, 7.05 og 9.10**

**TVEIR Í STUÐI**



**Sýnd kl. 9 og 11.**

**Bingó í Vinabæ, Skipholti 33**

Hæsti vinningur 100.000,00 kr.!
Heildarverðmæti vinninga yfir 300.000,00 kr.

Í kvöld 19.30.

Nefndin



LAUGARÁSBÍÓ

Sími 32075

**Frumsýnir:**

**SKÓLABYLGJAN**



★★★★ Einstaklega skemmtileg. – **New York Post.**
Tveir þumlar upp. – **Siskel og Ebert**
Unglingar eru alvörufólk, með alvöru vandamál, sem tekið er á með raunsæi. – **Good Morgning America.**
**Christian Slater. (Tucker, Name of the Rose) fer á kostum í þessari frábæru mynd um óframfærinn menntaskólastrák sem rekur ólöglega útvarpsstöð.**
**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11 - Bönnuð innan 12 ára.**

**PRAKKARINN**



**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

*Henry & June*

**Sýnd kl. 5, 8.45 og 11.05.**
**Bönnuð innan 16 ára.**

Sjá auglýsingu í öðrum blöðum.


# Hallgrímur Helgason sýnir á Kjarvalsstöðum

**HALLGRÍMUR Helgason opnar yfirlitssýningu á verkum sínum í Vestursal Kjarvalsstaða laugardaginn 12. janúar.**

Málverkin á sýningunni eru frá síðustu fimm árum og svo til öll unnin erlendis þar sem Hallgrímur hefur dvalið, bæði vestan hafs og austan. Verkin hafa ekki verið sýnd áður hér á landi. Þau lýsa þróun listamannsins og sýna hinar mismunandi túlkanir hans á viðfangsefni sínu sem haldist hefur að mestu óbreytt þessi 5 ár og er mannslíkaminn. Má segja að þema sýningarinnar sé leit Hallgríms að nýjum leiðum til að mála þetta hefðbundna mótíf. Einnig er á sýningunni fjöldi teikninga, einskonar skýrslur um hugarástand listamannsins á hverjum tíma segir í fréttatilkynningu.

Sýning þessi er sú viðamesta sem Hallgrímur hefur haldið hingað til, en hann hefur áður tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis og haldið 10 einkasýningar á Íslandi og tvær í Boston og New York. Hann stundaði nám við MH árin 1976-79, MHÍ 1980-81 og í Listaakademíuna í München 1981-82. Síðan 1983 hefur Hallgrímur starfað sem myndlistarmaður og rithöfundur og gaf á síðastliðnu ári út sína fyrstu skáldsögu, Hellu. Undanfarin tvö ár hefur hann einnig stjórnað Útvarp Manhattan-þáttunum síðdegis á Rás tvö.

Sýningin er opin daglega frá kl. 11.00 til 18.00 og stendur til 27. janúar. Hún verður opnuð, eins og fyrr segir, á laugardag 12. janúar kl. 16.00 og eru allir velkomnir. Um tónlistina sjá Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari.

# Áhrif styrjaldar um allan heim

**SAMVINNUNEFND Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands hefur skorað á ríkisstjórnina að stuðla að friðsamlegri lausn Persaflóadeilunnar.**

Nefndin bendir á að styrjöld hlýtur að hafa í för með sér örkuml hundruða þúsunda einstaklinga og áhrif hennar munu berast um veröld alla mannkyni til óbætanlegs tjóns.


# Fjallahreppur er fámennastur

**FJALLAHREPPUR á Norðurlandi eystra er fámennasta sveitarfélag landsins með 12 íbúa, en ekki Snæfjallahreppur, eins og sagt var í frátt blaðsins á þriðjudag. Í Fjallahreppi búa 4 karlar og 8 konur.**

Í fréttinni voru tvær aðrar villur þar sem birtur var listi yfir sveitarfélög og íbúafjölda þeirra. Tvö sveitarfélög á Norðurlandi vestra féllu af listanum. Þau eru Höfðahreppur, þar býr 661 íbúi, 338 karlar og 323 konur, og Skagahreppur, þar búa 64 íbúar, 43 karlar og 21 kona.

Tölur um íbúafjölda Eskifjarðar voru birtar með nafni Norðfjarðarhrepps. Hið rétta er að í Norðfjarðarhreppi búa 87 manns, 39 karlar og 48 konur og í Eskifirði búa 1.060 manns, 550 karlar og 510 konur. Þetta leiðréttist hér með um leið og beðist er velvirðingar á þessum mistökum.


**REGNBOGINN** 19000




**Framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson og leikstjórinn Lárus Ýmir Óskarsson eru hér komnir með hreint frábæra nýja íslenska mynd. „Ryð" er gerð eftir handriti Ólafs Hauks Simonarsonar og byggð á leikriti hans „Bílaverkstæði Badda" sem sló svo eftirminnilega í gegn árið 1987.**

Aðalhlutverk: **Bessi Bjarnason, Egill Ólafsson, Sigurður Sigurjónsson, Christine Carr og Stefán Jónsson.**


**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11. Bönnuð innan 12 ára.**

**ÁSTRÍKUR OG BARDAGINN MIKLI**



**Frábær ný teiknimynd.**
**Sýnd kl. 5 og 7**
**Miðaverð kr. 300.**

**ÆVINTÝRI HEIÐU HALDA ÁFRAM**



**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

**ÚR ÖSKUNNI Í ELDINN**




**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

**SKÚRKAR**




**Stórskemmtileg frönsk grín-spennumynd þar sem Philippe Noiret fer á kostum.**

**Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.**

**SIGUR ANDANS – Sýnd kl. 9 og 11.**


# Skákþing Reykjavíkur hefst á sunnudag

**SKÁKÞING Reykjavíkur 1991 hefst næstkomandi sunnudag 13. janúar og verður teflt í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur í Faxafeni 12.**

Í aðalkeppninni sem hefst á sunnudaginn kl. 14.00 tefla keppendur saman í einum flokki ellefu umferðir eftir Monrad-kerfi. Umferðir verða að jafnaði þrisvar í viku, yfirleitt á sunnudögum kl. 14.00 og á miðvikudögum og föstudögum kl. 19.30. Biðskákdagar verða inn á milli. Aðalkeppninni lýkur væntanlega 7. febrúar.

Keppni í flokki 14 ára og yngri á skákþingi Reykjavíkur hefst laugardag 26. janúar kl. 14.00. Í þeim flokki verða tefldar níu umferðir eftir Monrad-kerfi, umhugsunartími 40 mínútur fyrir hvern keppanda. Keppnin tekur þrjá laugardaga, þrjár umferðir í senn. Bókaverðlaun verða fyrir a.m.k. fimm efstu sætin.

Lokaskráning í aðalkeppnina verður laugardag 12. janúar kl. 14.00-18.00 og er öllum heimil þátttaka.

Taflfélag Reykjavíkur hefur haldið skákþing Reykjavíkur árlega frá árinu 1931. Ingi R. Jóhannsson hefur oftast orðið skákmeistari Reykjavíkur, alls sex sinnum. Núverandi skákmeistari Reykjavíkur er Þröstur Þórhallsson, alþjóðlegur skákmeistari.

(Fréttatilkynning)


**frum-**

**SÝNING**

*Háskólabíó frumsýnir í dag myndina:*

**NIKITA**

*með ANNE PARILLAUD, JEAN-HUGUES ANGLADE og TCHEKY KARYO.*